

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00 var haldinn 287. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig tóku þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds. Einnig Davíð Arnar Einarsson og Sturla Jónsson endurskoðendur frá GrantThornton og Lárus Finnbogason og Sunna Jóhannsdóttir frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram til samþykktar ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2019. Reikningurinn var kynntur á fundi stjórnar 9. mars s.l. Gerð grein fyrir kröfu frá ESMA um yfirlýsingu sem mun koma inn í skýrslu stjórnar og greinargerð í árshlutauppgjöri. Yfirlýsingin er svohljóðandi.

Vegna Covid-19 veirunnar er ljóst að faraldurinn muni hafa áhrif á efnahagslíf Íslands og heimsins. OR gerir reglulega álagspróf þar sem gert er ráð fyrir gengisfalli, lækkun álverðs og verðbólgu. Sjóðsstaða er sterk um þessar mundir og er í dag um 21,4 milljarðar jafnframt hefur félagið aðgang að lánalínum að fjárhæð 7 milljarðar út árið 2020. Félagið er vel rekstrarhæft og getur vel tekið á sig áföll um fyrirsjáanlega framtíð.

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi gerði grein fyrir endurskoðunarskýrslu og vinnu við endurskoðun reikningsins.

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, gerði grein fyrir umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikninginn og aðkomu nefndarinnar að endurskoðunarvinnunni.

Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða. Reikningurinn verður staðfestur með rafrænni undirskrift stjórnarfólks.

Klukkan 13:35 viku fulltrúar frá endurskoðunarnefnd og endurskoðendur af fundi.

2. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar:

Tillaga um arðgreiðslu. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 1.750 milljónir króna eð tæplega 1% af eigin fé í árslok 2019. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá fyrir tímabilið 2020-2025.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.




1

Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal og Halldóra Þorvaldsdóttir óska bókað:

Á undanförunum árum hefur Orkuveita Reykjavíkur stuðlað að auknum kaupmætti viðskiptavina sinna. Frá árinu 2017 hafa gjaldskrár rafmagnsdreifingar og vatnsveitu lækkað um 20% að raungildi. Gjaldskrár hitaveitu og fráveitu hafa hins vegar fylgt verðlagi.

Á nýliðnu ári ákvað Orkuveita Reykjavíkur að styðja að fullu við lífskjarasamninga á vinnumarkaði og takmarka breytingar á gjaldskrá við 2,5% að hámarki. Breytingar á gjaldskrá í upphafi ársins námu 0,6% til 2,5% og það er ætlunarverk okkar að styðja áfram við lífskjarasamningana og halda gjaldskrárhækkunum í lágmarki.

Orkuveita Reykjavíkur hefur samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Vegna þeirra fordæmalausis aðstæðna sem nú eru í heiminum og sterkar stöðu fyrirtækisins, vill Orkuveitan taka þátt í því að viðhalda atvinnu í landinu og horfir því til þess að flýta fjárfestingum á þessu og næsta ári sem ella hefðu beðið.



Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Halldóra Þorvaldsdóttir óska bókað:

Orkuveitan og dótturfélög hennar eiga að kappkosta að lágmarka gjaldskrár á erfiðum tímum. Nú kann að vera rétti tíminn til að auka fyrirbyggjandi viðhald og arðbærar fjárfestingar hjá Veitum og Orku náttúrunnar

Tillaga um þóknun stjórnar: Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar, lagði fram að kynnti svohljóðandi tillögu um þóknun stjórnar. Tillögunni fylgir greinargerð:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlausn ársins 2019 verði kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

(Handwritten signatures and initials)

Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2020 kr. 182.319,- á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 51.047,- á fund.

Umræður. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Endurskoðun. Svohljóðandi tillaga um endurskoðun vegna ársins 2020 lögð fram:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2020.


Umræður. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:55.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 23. mars 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.



*Valgarður Lyngdal Jónsson
Halldóra L. Þorvaldsdóttir*

